

## Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2008/2009

Á verðlagsárinu 2008/2009 var mjólkurframleiðsla sem skráð var hjá Bændasamtökum Íslands samtals 126.338.940 lítrar. Greiðslumark verðlagsársins var 119.000.000 lítrar og umframmjólk verðlagsársins varð því 7.338.940 lítrar. Samkvæmt ákvörðunum aðildarfélaga SAM, greiddu félögin 40 kr/ltr fyrir umframmjólk verðlagsársins.

Aðildarfélög SAM fluttu út verulegt magn af mjólkurafurðum verðlagsárið 2008/2009. Umreiknað á próteingrunn nam útflutningurinn 9.164.403 lítrum en umreiknað á fitugrunn 15.405.598 lítrum. Útflutningur mjólkurvara á vegum aðildarfélaga SAM á verðlagsárinu 2008/2009 ásamt umreikningi útflutningsins í lítra mjólkur á fitu- og próteingrunni var sem hér segir:

### Útflutningur aðildarfélaga SAM verðlagsárið 2008/2009

Vöruflokkur	Kiló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	132.184	6.863	542.920
Smjör	712.000	15.267.416	1.033.112
Sérostar	2.949	30.570	19.771
Undanrennuduft	650.000	100.750	7.568.600
Samtals:	1.497.133	15.405.598	9.164.403

Útflutningur mjólkurafurða hjá aðildarfélögum SAM samsvaraði mjólkurmagni sem var um 1,8 milljónum lítrum hærra, á próteingrunni, en öll umframmjólk sem félögin tóku á móti. Aðildarfélög SAM deila með sér kostnaði vegna útflutningsins í samræmi við skiptingu framleiddrar umframmjólkur hjá hverju aðildarfélagi.

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Samkvæmt framangreindum tölum er ljóst að aðildarfélög SAM hafa flutt á erlendan markað vörur sem samsvara móttekinni umframmjólk verðlagsársins og þar með uppfyllt framangreint ákvæði búvörulaga. Sem lið í birgðastjórnun hafa aðildarfélögin jafnframt flutt út mjólk umfram ákvæði búvörulaga.

Samstarfsnefnd SAM og BÍ afgreiðir mjólkuruppgjör hvers verðlagsárs og sendir til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar. Mjólkuruppgjör verðlagsársins 2008/2009 var afgreitt á fundi Samstarfsnefndar SAM og BÍ 26. febrúar 2010.